

238. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, miðvikudaginn 24. apríl 2024 og hófst hann kl. 15:30.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Liv Aase Skarstad varaformaður, Ragnheiður Helgadóttir aðalmaður, Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja, Sigurður Arnar Sigurðsson áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Anna María Þórðardóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Maren Ósk Elíasdóttir verkefnastjóri og Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 24042335 - Skipurit Grundaskóla

Skólastjóri Grundaskóla óskar eftir að festa í sessi tvo aðstoðarskólastjóra í skipuriti Grundaskóla. Breytingin er innan stöðugilda- og fjárhagsheimilda skólans og kemur því ekki til kostnaðarauka. Sigurður Arnar Sigurðsson skólastjóri og Anna María Þórðardóttir áheyrnarfulltrúi foreldra tóku sæti á fundinum undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð samþykkir framlagða breytingu á skipuriti Grundaskóla.

Sigurður Arnar og Anna María víkja af fundi.

2. 2309022 - Íþróttahúsið Vesturgötu - loftgæði

Alfreð Þór Alfreðsson rekstrarstjóri og Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja kynna stöðu hreinsunarstarfs í keilusalnum. Emilía Halldórsdóttir fulltrúi ÍA sat einnig fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á mikilvægi þess að hreinsunarstarfi í keilusalnum ljúki sem allra fyrst. Sviðsstjóra, forstöðumanni íþróttamannvirkja og rekstrarstjóra er falið að vinna málið áfram í samstarfi við stjórn Keilufélags Akraness. Jafnframt vísar skóla- og frístundaráð málinu til umfjöllunar í skipulags- og umhverfissráð til nánari útfærslu á verk- og tímaáætlun á fyrirhuguðum endurbótum á rými keilusalans.

3. 2303201 - Garðavellir - endurskoðun á samningi GL og AK 2023

Undanfarin misseri hefur staðið yfir endurskoðun á húsaleigusamningi Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins Leynis vegna Garðavalla. Lokadrög kynnt fyrir skóla- og frístundaráði. Emilía Halldórsdóttir fulltrúi ÍA og Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja sátu fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð lýsir yfir ánægju sinni með framlögð drög að húsaleigusamningi milli Akraneskaupstaðar og Golfklúbbsins Leynis þar sem áhersla er á mæta þörfum samningsaðila og annarra aðildarfélaga ÍA. Skóla- og frístundaráð vísar samningnum, með örfáum ábendingum, til umfjöllunar í bæjarráð.

4. 24042167 - ÍA hátíðarsalur Jaðarsbökkum - rekstarleyfi fyrir veitingastað í

flokki II

Bæjarráð tók málið fyrir á fundi sínum þann 11. apríl 2024 og vísaði til umsagnar skóla- og frístundaráðs og Brúar forvarnarhóps.

Emilía Halldórsdóttir fulltrúi ÍA og Daníel Sigurðsson Glad forstöðumaður íþróttamannvirkja sátu fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð leggur áherslu á að öll aðildarfélög ÍA hafi jafnan aðgang að hátíðarsalnum á Jaðarsbökkum fyrir sína starfsemi. Ráðið telur því óheppilegt að eitt aðildarfélag ÍA fái rekstrarleyfi í salnum umfram önnur og telur betri kost að slíkt leyfi yrði veitt til Íþróttabandalags Akraness - ÍA. Vert er þó að vekja athygli á því að í yfirlýstri stefnu ÍA í vímuvarnarmálum er tekið fram að stjórn ÍA skuli beita sér fyrir því að notkun vímuefna verði bönnuð í íþróttamannvirkjum og félagsheimilum sem tengjast íþróttastarfi og íþróttahreyfingunni.

Emilía og Daníel víkja fundi.

5. 2401006 - Fundargerðir 2024 - menningar- og safnanefnd

Vantar fundargerðir 128 og 129.

130. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 14. febrúar 2024.

131. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 13. mars 2024.

132. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 10. apríl 2024.

Fundargerðir lagðar fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:00.